

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 1. tölul. kemur: viðskipta-, uppgjör- og upplýsingakerfi.
- Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður er orðast svo: að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu þingaðila.
- Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo: að vinna að framþróun og skilvirkni verðbréfamarkaðar.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Í stað orðsins „febrúarmánaðar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: aprílmánaðar.
- Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og hljóðar svo:  
Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og vera fjár síns ráðandi. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.
- Í stað orðsins „febrúarmánaðar“ í 2. mgr. kemur: aprílmánaðar.

### 3. gr.

Í stað orðsins „febrúarlok“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: apríllök.

### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- Á eftir orðinu „Verðbréfafyrirtæki“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: verðbréfamiðlun sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.
- Við 3. tölul. 1. mgr. bætist: enda hafi þeir sambærilegan aðgang að skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki sínu.
- Við bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Stjórn Verðbréfaþings setur nánari reglur um aðild að Verðbréfaþingi Íslands.

### 5. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður, 1. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: að uppfylla kröfur um eigið fé sem gerðar eru til hlutaðeigandi lögum samkvæmt.

6. gr.

Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 13. gr. laganna kemur: viðskipta-, uppgjörs- og upplýsingakerfi.

7. gr.

5. mgr. 17. gr. laganna hljóðar svo:

Birta skal endurskoðaðan ársreikning í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Viðskiptaráðherra skal eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd sem vinni að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997.

---

*Samþykkt á Alþingi 18. mars 1996.*